

Ár 2022, miðvikudaginn 8. júní, er dómþing dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Björgu Ástu Þórðardóttur dómara í fjarfundarbúnaðinum TEAMS.

Fyrir er tekið: Mál nr. 3/2022

Þrándur Arnþórsson
gegn
Hirti Þór Grétarssyni

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Mál þetta hófst með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSÍ þann 27. apríl 2022 en með úrskurði í máli nr. 2/2002 var kærinni vísað frá sökum þess að hún uppfyllti ekki skilyrði 26. gr. laga ÍSÍ. Úrskurður var birtur kæranda þann 28. apríl sl. Þann 2. maí 2022 var málinu skotið á ný fyrir dómstól ÍSÍ og innan lögboðins frest samkvæmt grein 24.3 í lögum ÍSÍ. Málinu var úthlutað ofangreindum dómara í dómstól ÍSÍ. Með tölvubréfi starfsmanns dómara 11. maí sl. var kærða gefinn vikufrestur til að skila greinargerð í málinu, sem barst svo samdægurs. Þann 24. maí voru svo gögn málsins send málsaðilum og kæranda gefinn frestur til 27. maí sl. til að skila athugasemdum við greinargerð kærða og boðað til þinghalds í málinu þann 30. maí. Athugasemdir kæranda bárust dómara og kærða þann 27. maí sl. Þinghald var haldið í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams, þann 30. maí 2022 þar sem dómari upplýsti að málflytningur í málinu yrði skriflegur. Var kærða gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum við greinargerð kæranda en kærði taldi ekki þörf á því. Var gagnaöflun því lokið og málið lagt í dóm.

I. Dómkröfur

Kærandi gerir þá kröfu, eins og hún framsett í kæru, að kærði, Hjörtur Þór Grétarsson formaður Tennissambands Íslands (TSÍ), biðjist formlega afsökunar vegna tilraunar sinnar til brots á tjáningarfrelsi með því að krefjast afsagnar kæranda frá hlutverki mótsstjóra í Íslandsmeistarmótinu í tennis innanhúss. Þetta gerði hann á grundvelli tjáningar kæranda á Facebook vegg kæranda. Ennfremur gerir kæranda þá kröfu að kærða verði gert að birta yfirlýsingu annars vegar á vef sambandsins og hins vegar sambærilega yfirlýsingu á ársþingi Tennissambands Íslands.

Kærði gerir þá kröfu að kærinni sé vísað frá.

II. Málsatvik

Málsatvik eru með þeim hætti að morgni þriðjudagsins 12. apríl 2022 hafði kærði, sem gegnir stöðu formanns Tennissambands Íslands (TSÍ), samband við kæranda í tengslum við þátttöku hans sem mótsstjóra á Íslandsmóti TSÍ innahúss sem haldið var 25. apríl sl. Kvaðst kærði hafa ráðfært sig við stjórn TSÍ áður en hann hringdi í kæranda enda væri það samhljóma álit stjórnar TSÍ að biðja kæranda að stíga til hliðar. Málsaðilar virðast ekki, í meginatriðum, greina á um efnistöð samtalsins en kærandi lýsir því svo í málsatvicalýsingu sinni að í nefndu símtali hafi kærði gefið kæranda tvo kosti, annað hvort segja sig frá hlutverki mótsstjóra á nefndu Íslandsmóti TSÍ eða hann verði látinn hætta. Eru báðir aðilar sammála því í málsatvicalýsingum sínum að ástæðan væri skoðanir kæranda á stríðinu í Úkraínu, sem birtar voru á fésbókarsíðu kæranda. Í fylgiskjali með kæru er skjáskot af nefndum samskiptum en þau hófust með því að kærandi birtir færslu með bókstafnum Z, þann 3. apríl. sl. Með vísan í umrædd samskipti málsaðila þann 12. apríl. upplýsti kærandi, með tölvupósti til kærða, að hann myndi stíga til hliðar í þeim verkefnum sem kærði og stjórn TSÍ teldu best. Þann 14. apríl sl. sendi kærandi svo kærða tölvupóst með yfirskriftinni Tjáningarfrelsi og slaufunarmenning þar sem kærandi fjallar um sjónarmið sín um það hvernig umrædd málsafgreiðsla brjóti gegn stjórnarskrárvörðum réttindum kæranda til

tjáningar og vísar í því skyni m.a. til 65. og 73. greinar Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og svaraði kærði þeim tölvupósti þann 20. apríl. Kæra í máli þessu berst svo dómstól ÍSÍ þann 27. apríl sl., eins og fyrr greinir.

III. Málantilbúnaður málsaðila

Af kæru og kröfugerð kæranda má ráða að kærandi telur að kærði hafi brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti kæranda til tjáningarfrelsis með því að krefjast afsagnar kæranda, með símtali þann 12. apríl sl., frá hlutverki mótsstjóra í Íslandsmeistaramóti TSÍ innanhúss, byggt á tjáningu kæranda á fésbókarsíðu sinni. Telur kærandi umrædda háttsemi vera brot á ákvæðum stjórnarskrár, nánar tiltekið 65. gr. og 73. gr. Einnig vísar kærandi til gr. 4.1 í lögum ÍSÍ, nánar tiltekið lið i) og l), en þar segir að tilgangur sambandsins sé að „berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að ræða tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga“, sbr. i) liður gr. 4.1. Segir í l) lið ákvæðisins að tilgangur sambandsins sé jafnframt að „vinna að því að tryggja að í íþróttum ríki heiðarleiki.“ Því til viðbótar vísar kærandi til siðareglna ÍSÍ, nánar tiltekið 1., 3. og 4. gr. Að lokum vísar kærandi með almennum hætti til hegðunarviðmiða ÍSÍ í kaflanum Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk.

Til stuðnings kröfu sinni vísar kærandi til þess að TSÍ ásamt fleiri íþróttahreyfingum hafi tekið nokkuð einarða afstöðu í stríðinu í Úkraínu. Telur kærandi óeðlilegt að íþróttahreyfingin sé að hafa skoðun á stríðinu. Kærandi vísar til þess að hann hafi fengið ómælt hatur á fésbókarsíðu sinni og að umrædd hatursorðræða sé gengin út fyrir öll mörk. Vísar kærandi til þess að TSÍ komi ekkert við hvernig hann tjái sig á sinni fésbókarsíðu, eða annarsstaðar, og kveðst kunna því afar illa að kærði, sem gegni hlutverki formanns TSÍ, réttlæti hatursorðræðu í garð kæranda og verði kærandi því að hreinsa mannorð sitt með framlagningu kæru þessarar.

Kærði byggir á því að mál þetta eigi ekki heima hjá dómstól ÍSÍ með vísan til þess að kæran beinist að kærða persónulega en ekki sem formanni TSÍ. Kærði hafnar enn fremur framlagðri kæru með vísan í að kærði hafi ekki birt eða sagt nokkuð opinberlega um kæranda og af þeirri ástæðu telur kærði sig ekki þurfa að biðjast afsökunar á neinu, hvað þá gefa frá sér yfirlýsingu þess eðlis. Vísar kærði til þess að kærandi megi hafa sínar skoðanir og kærði hafi ekkert vald til að skerða tjáningarfrelsi hans og hafi ekki gert.

Kærði byggir enn fremur á því að hann hafi hvorki sagt eða gert nokkuð sem tilgreint er í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað varðar vísan kæranda til 73. gr. stjórnarskrárinnar bendir kærði á að hann hafi verið að verða við siðferðislegum áhyggjum íþróttafólks vegna þess sem kærandi birti á samfélagsmiðlum sínum, þar á meðal birtingu hans á bókstafnum Z. Byggir kærði á því að hann hafi, sem formaður TSÍ, eingöngu haft hagsmuni sambandsins, hagsmuni félaga og hagsmuni iðkenda að leiðarljósi og verði því að bregðast við þegar vegið er að gildum sambandsins. Hafnar kærði því að hafa réttlætt hatursorðræðu í garð kæranda enda væri slíkt fjarri hans gildum.

IV. Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu er til skoðunar krafa kæranda að kærða sé persónulega gert skylt að biðjast formlega afsökunar vegna tilraunar sinnar til brots á tjáningarfrelsi og að kærða verði gert að birta yfirlýsingu annars vegar á vef sambandsins og hins vegar sambærilega yfirlýsingu á ársþingi Tennissambands Íslands. Vísar kærandi til ákvörðunar kærða, formanns TSÍ, að krefjast afsagnar kæranda sem mótsstjóra í Íslandsmóti TSÍ, innanhúss, í samtali málsaðila þann 12. apríl sl. Til stuðnings dómkröfunni er vísað til ákvæða stjórnarskrárinnar, nánar tiltekið 65. og 73. gr, auk tilvísunar í lög ÍSÍ, siðareglur og hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk.

Hér ber til þess að líta að samkvæmt grein 20.3 í lögum ÍSÍ skulu dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, sérsamband, héraðssambanda íþróttabandalaga, aðildarfélaga eða einstakra iðkenda eftir því sem við á. Byggja dómstólar ÍSÍ niðurstöður á lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þeirra sem og meginreglum íþróttaréttar, sbr. grein 20.5. Ekki kemur því til skoðunar að leysa úr meintum brotum á ákvæðum stjórnarskrárinnar, nánar tiltekið 65. og 73. gr., enda heyrir úrlausn slíkra mála undir almenna dómstóla og fellur utan við lögsögu dómstóls ÍSÍ. Telur dómurinn ennfremur að lagaheimild skorti í lögum ÍSÍ til að verða við kröfum kæranda um að dæma kærða til að gefa út

afsökunarbeiðni vegna kærðar háttsemi og hefur þessi afstaða dómsins verið margítrekuð í dómaframkvæmd, sbr. dómur áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli nr. 7/2008 og dómur dómstóls ÍSÍ í málum nr. 1-5/2012 og 7/2020.

Með vísan til framangreinds er kröfum kæranda vísað frá dómi.

V. Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Björg Ásta Þórðardóttir (sign.)

Athygli er vakin á ákvæðum greinar 24.3 í lögum ÍSÍ en þar segir: „Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi frest í fimm virka daga til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.“ Kærandi hefur jafnframt rétt til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og er frestur ein vika frá deginum í dag að telja, sbr. grein 33.1 og 33.3 í lögum ÍSÍ.